



Reykjavík, 1. september 2014

Samkomulag um sátt vegna brots Eikar fasteignafélags hf. á 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 7. júlí 2014 gerðu Fjármálaeftirlitið og Eik fasteignafélag hf. með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots félagsins á 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Eik fasteignafélag hf. (málsaðili) viðurkennir að hafa brotið gegn 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) með því að hafa ekki tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um frestun á birtingu innherjaupplýsinga jafnóðum og heimild til frestunar var nýtt hinn 8. janúar 2014 eins og kveðið er á um í 4. mgr. 122. gr. vvl.

Málsaðili fellst á að greiða sátt að fjárhæð 1.200.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þetta eigi sér ekki stað á ný.

Málsatvik

Hinn 8. janúar 2014 skráði regluvörður málsaðila í samskiptaskrá að innherjaupplýsingar væru til staðar hjá málsaðila og að aðilar, sem skráðir hefðu verið á lista yfir tímabundna innherja, hefðu fengið miðlað til sín innherjaupplýsingum. Sama dag sendi málsaðili lista yfir tímabundna innherja til Fjármálaeftirlitsins. Hinn 14. og 17. janúar 2014 var fleiri aðilum bætt inn á lista yfir tímabundna innherja. Málsaðili vanrækti að senda Fjármálaeftirlitinu jafnóðum tilkynningu um að heimild til frestunar á birtingu innherjaupplýsinga hefði verið nýtt hinn 8. janúar 2014.

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 1. mgr. 122. gr. vvl. ber útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Útgefanda fjármálagerninga er á eigin ábyrgð heimilt að fresta birtingu innherjaupplýsinga og ber honum þá að uppfylla kröfur 4. mgr. 122. gr. vvl. Skal Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um frestun á birtingu innherjaupplýsinga jafnóðum og heimild til frestunar er nýtt.

Brot á 122. gr. vvl. getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 36. tölul. 1. mgr. 141. gr. laganna, og geta sektir sem lagðar eru á lögaðila numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr., sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 122. gr. vvl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

Ákvörðun sáttarfjárhæðar

Fjárhæð sáttar er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að afsláttur sé veittur af þeirri heildarfjárhæð sem ætla má að stjórnvaldssekt gæti numið að teknu tilliti til þyngingar- og mildunarsjónarmiða en við mat á afslætti skal litið til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar sátt er náð, sbr. 3. gr. reglnanna.

Við ákvörðun sáttarfjárhæðar í máli þessu hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að upplýsingaskylda útgefanda samkvæmt 122. gr. vfl. er ein af grundvallarstoðum heilbrigðs og virks fjármálamarkaðar en reglum um meðferð innherjaupplýsinga er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðar, jafnræði fjárfesta og heiðarleika í verðbréfavíðskiptum. Um leið og útgefendur fjármálagerninga taka ákvörðun um að óska eftir að fjármálagerningar verði teknir til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, gangast þeir undir ákveðnar skyldur sem slíkir. Ein af þeim skyldum er upplýsingaskyldan samkvæmt 122. gr. vfl.

Fjármálaeftirlitið hefur litið til þess að málsaðili hefur sýnt samstarfsvilja við vinnslu málsins og að um fyrsta brot útgefanda er að ræða. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þetta eigi sér ekki stað á ný.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots og atvikum máls að öðru leyti er sáttarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 1.200.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sáttarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sáttarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís af því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt, sbr. 45. tölul. 1. mgr. 141. gr. vfl.